

NÚ ER SANDGERÐISBÆR SKULDSETTARI EN GARÐUR, EF SVEITARFÉLÖGIN SAMEINAST MUN GARÐUR BORGA NIÐUR SKULDIR SANDGERÐISBÆJAR OG TAKA Á SIG HLUTA ÞEIRRA?

Ef af sameiningu verður þá rennur efnahagur núverandi sveitarfélaga saman, bæði eignir og skuldir. Sameinað sveitarfélag mun því greiða skuldir af sameiginlegum tekjum.

MUN LEIKSKÓLAGJALD Í GARÐI LÆKKA Í LJÓSI ÞESS AÐ ÞAÐ ER LÆGRA Í SANDGERÐI?

Eins og á við um öll þjónustugjöld, þá verða gjaldskrár sveitarfélaganna samræmdar í eina í sameinuðu sveitarfélagi. Ný bæjarstjórn mun taka endanlegar ákvarðanir um gjaldskrá, en eins og fram hefur komið er reynslan sú að við sameiningu sveitarfélaga hafa gjaldskrár verið samræmdar niður á við.

ERU EINHVERJAR TEKJUR AF KEFLAVÍKURFLUGVELLI SEM RENNA TIL SANDGERÐISBÆJAR?

Tekjur af fasteignaskatti vegna flugstöðvar og annarra mannvrkja þar renna til

Sandgerðisbæjar.

AF HVERJU VAR FARIÐ Í AÐ KANNA HUGSANLEGA SAMEININGU SVEITARFÉLAGANNA?

Eftir umræður og að vel yfirlögðu ráði var það sameiginleg ákvörðun bæjarstjórna beggja sveitarfélaganna að unnin væri úttekt á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaganna.

Í framhaldi af því tóku bæjarstjórnirnar ákvörðun um að fela íbúum sveitarfélaganna að ákveða með atkvæðagreiðslu, eins og sveitarstjórnarlög kveða á um, hvort af sameiningu sveitarfélaganna verði eða ekki.

VERÐA SVEITARFÉLÖGIN SAMEINUÐ REYKJANESBÆ EF ÞAU SAMEINAST EKKI HVORT ÖÐRU?

Samkvæmt lögum fer eftir ákvörðun íbúa í sveitarfélögum með atkvæðagreiðslum hvort sveitarfélög sameinast. Ef upp kemur tillaga um sameiningu Garðs og/eða

Sandgerðisbæjar við Reykjanesbæ, þá væri það ákvörðun íbúanna með atkvæðagreiðslu hvort af því yrði. Sameining sveitarfélaga á Íslandi gerist almennt ekki með boðvaldi

stjórnvalda, eins og reyndin er t.d. í flestum hinna Norðurlandanna.

VIÐ SAMEININGU FER SAMEINAÐ SVEITARFÉLAG ÚR TVEIMUR NEFNDARMÖNNUM Í EINN NEFNDARMANN Í STJÓRN SAMBANDS SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM, HVAÐ ÞÝÐIR ÞAÐ? MINNKAR VÆGI GARÐS OG SANDGERÐIS VIÐ ÞAÐ.

Í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum eru nú fimm fulltrúar, einn fulltrúi frá hverju sveitarfélaganna fimm á Suðurnesjum. Þannig er t.d. einn fulltrúi frá stærsta sveitarfélaginu og einn frá því minnsta. Hver stjórnarmaður hefur því sama vægi óháð stærð sveitarfélaganna. Við sameiningu Sandgerðisbæjar og Garðs mun sameinað sveitarfélag væntanlega eiga einn fulltrúa í stjórninni. Það mun ekki hafa nein áhrif varðandi beina hagsmuni íbúa Sandgerðis og Garðs, enda vinnur Samband sveitarfélaga að sameiginlegum hagsmunum í þágu allra íbúa á Suðurnesjum.

AF HVERJU ER AÐ HALDA ÚTI TVEIM BÆJARSKRIFSTOFUM ?

Samkvæmt skýrslu KPMG er gert ráð fyrir að ef sveitarfélögin verða sameinuð verði núverandi bæjarskrifstofur sveitarfélaganna nýttar fyrir stjórnsýslu sameinaðs sveitarfélags. Á báðum stöðum verði afgreiðslur til að veita þeim íbúum þjónustu sem þurfa að sækja hana á bæjarskrifstofu. Þá verður stjórnsýslunni skipt á skrifstofurnar á hvorum stað í samræmi við þjónustuflokka og uppskiptingu teyma. Til dæmis verði á öðrum staðnum fjármál, stjórnsýsla, framkvæmdir, byggingar-og skipulagsmál. Á hinum staðnum fjölskyldumálefni í heild, félags-, fræðslu-, menningar-og frístundamál. Þannig verði núverandi húsnaði sveitarfélaganna nýtt, með áherslu á gott aðgengi íbúanna að stjórnsýslu sveitarfélagsins og á góða þjónustu við íbúa. Nánar um þetta á bls. 54 í skýrslu KPMG.

MUN SÓLIN ÁFRAM SETJAST Á GARÐSKAGA?

Svo lengi sem sólin skín og gengur sinn sólargang mun sólsetrið sjást frá Garðskaga.

HVERT ER VIÐMIÐIÐ VIÐ STÆRÐ ÁRGANGA Í SVEITARFÉLAGINU, HVAR LIGGJA MÖRKIN VIÐ AÐ ÁRGANGUR SÉ KEYRÐUR YFIR Í HITT “HVERFIÐ” Í SKÓLA?

Gert er ráð fyrir að börn gangi í sína „hverfisskóla“, þ.e. börn í Sandgerði fara í sinn skóla þar og börn í Garði í sinn skóla þar. Í skólum í stærri bæjum hafa börn ekki verið keyrð milli hverfa, heldur fundnar aðrar lausnir ef bekkir eru of stórir eða of litlir. Bæði Sandgerði og Garður hafa lagt metnað í að standa vel að skólastarfi og það er okkar allra að stuðla að því að ekki verði breytingar á þeim áherslum sameinist sveitarfélögin.

AF HVERJU ERUÐ ÞIÐ AÐ STANDA Í ÞESSU? HVER Á AÐ HUGSA UM BÖRNIN? JÁ OG SORPIÐ?

Bæjarstjórnir Garðs og Sandgerðis ákváðu að vel yfirlögðu ráði að láta fara fram úttekt á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaganna og leggja það svo í hendur íbúa hvort eigi að sameina eða ekki.

Sameinað sveitarfélag mun eftir sem áður hugsa um og huga að börnum og unglingum, sinna þeim skyldum og verkefnum sem þau hafa gert hingað til.

Kalka er í eign allra sveitarféaga á Suðurnesjum og sér um sorphirðu og sorpeyðingu. Það breytist ekki við sameiningu.

MUNU FASTEIGNAGJÖLD OG LEIKSKÓLAGJÖLD LÆKKA Í SANDGERÐI EF AF SAMEININGU VERÐUR?

Óheimilt er að mismuna íbúum í sveitarfélagi með þeim hætti að mismunandi gjaldskrá sé milli hverfa, í þessu tilfalli í Sandgerði og Garði. Það er því alveg ljóst að ein gjaldskrá mun gilda í sameinuðu sveitarfélagi. Verði sveitarfélögin sameinuð munu leikskólagjöld í leikskólunum verða þau sömu. Það sama gildir um fasteignagjöld og öll önnur gjöld.

Venjan héraendis þegar sveitarfélög hafa sameinast hefur verið sú að nýjar gjaldskrár hafa tekið mið af lægri gjöldum.

Verði sveitarfélögin sameinuð kemur það í hlut næstu bæjarstjórnar að taka endanlega ákvörðun um hvernig gjaldskrá verður útfærð.

EF SAMEINING ÞÁ HVAD?

Breytingar á stjórnskipulagi

- Níu manna bæjarstjórn kjörin fyrir hið nýja sveitarfélag.
- Uppbygging nefndakerfis yrði sambærileg því sem nú er, en nefndum að líkindum fækkað.
- Einn bæjarstjóri yrði fyrir sameinað sveitarfélag.
- Skipulag þjónustu sveitarfélagsins yrði sambærilegt því sem er í dag, en með meiri áherslu á samþættingu velferðar-og fræðsluþjónustu.
- Val á nafni nýs sveitarfélags.
- Kosin ný sveitarstjórn.
- Fjárhagsáætlun fyrir nýtt sveitarfélag unnin árið 2018 fyrir 2019 og framtíðina
- Ný gjaldskrá og skattheimta unnin árið 2018 fyrir 2019 og framtíðina.

- Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlag 100 mkr. framlag til endurskipulagningar stjórnsýslu og þjónustu.
- Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veitir framlag 294 mkr. vegna skuldajöfnunar

HVERJIR GETA KOSIÐ?

- Þeir sem eiga lögheimili í Sandgerði eða Garði og hafa náð 18 ára aldri.
- Allir íslenskir ríkisborgarar hafa kosningarétt.
- Danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfelld fyrir kjördag hafa kosningarétt.
- Aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili á Íslandi í fimm ár samfelld fyrir kjördag hafa kosningarétt.
- Þeir sem eiga lögheimili í sveitarfélögunum 3 vikum fyrir kjördag.

MUN SAMEINAD SVEITARFÉLAG FÁ LÆGRI FRAMLÖG ÚR JÖFNUNARSJÓÐI, EN ER Í DAG?

Framlög til sameinaðs sveitarfélags verða, að óbreyttu jöfnunarkerfi, sambærileg og þau eru nú.

MUNU SKATTAR OG GJÖLD HÆKKA EF SAMEINING VERÐUR SAMÞYKKT?

Skattar og gjöld eru mismunandi sveitarfélögunum tveimur, eins og sjá má í skýrslu KPMG. Með sameiningu verður gjaldskrá hins vegar samræmd.

HVENÆR VERÐUR NÝJA SVEITARFÉLAGIÐ TIL?

Ef sameining verður samþykkt, þá verður ný bæjarstjórn kosin í maí 2018 og nýja sveitarfélagið tekur til starfa í framhaldinu.

HVAÐ MUN NÝJA SVEITARFÉLAGIÐ HEITA, EF ÞAÐ VERÐUR SAMEINAD?

Það verður ákveðið í samráði við íbúa, ef til sameiningar kemur.

HÆTTA SANDGERÐISDAGAR OG SÓLSETURSHÁTÍÐ EF SVEITARFÉLAGIÐ VERÐUR SAMEINAD?

Sandgerðisdagar og Sólseturshátíðin verða áfram.

VERÐA ÍPRÓTTAFÉLÖGIN SAMEINUÐ EF SVEITARFÉLÖGIN VERÐA SAMEINUÐ?

Sveitarfélögin hafa ekki áhrif á það hvort sjálfstæð og frjáls félög sameinast, hvort sem það eru íþróttafélögin, björgunarsveitirnar eða önnur félög.

HVAR VERÐA BÆJARSKRIFSTOFURNAR?

Það er gert ráð fyrir að áfram verði bæjarskrifstofur í báðum byggðakjörnum, en ákveðin sérhæfing verði á hvorum stað.

HVAR ER KOSIÐ?

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er hafin hjá sýslumönnum og í sendiráðum erlendis.

Þann 11. nóvember verða kjörstaðir í grunnskólum Garðs og Sandgerðis. Kjölfundur verður sérstaklega auglýstur fyrir kjördag.

VERÐA SKÓLARNIR SAMEINADIR Á EINN STAÐ EF SAMEINING VERÐUR SAMÞYKKT?

Það er gert ráð fyrir að áfram verði reknir leik- og grunnskólar í báðum byggðakjörnum, enda er börnum að fjölga í þeim báðum.